

Alþingi
Erindi nr. P 143/100
komudagur 30.10.2013

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Meðfylgjandi er ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um fjárlagafrumvarp 2014 og framhaldsskóla.

Óskað er eftir að ályktunin verði lögð fram á fundi Fjárlaganefndar og Allsherjar- og menntamálanefndar í tengslum við fjárlagafrumvarp 2014.

Með kveðju
Aðalheiður Steingrimsdóttir
Formaður Félags framhaldsskólakennara
Laufásvegi 81
101 Reykjavík



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

Kaldar kveðjur til framhaldsskóla landsins

Ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um fjárveitingar til framhaldsskóla 2014


Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 sem nú liggur fyrir Alþingi er niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla um einn og hálfur milljarður. Niðurskurðurinn felst aðallega í því að lækka framlög til stofnkostnaðar skólanna, sameiginlegra útgjalda þeirra og námstækifæra ungra atvinnuleitenda.

Í opinberri umræðu um fjárlagafrumvarpið og framhaldsskólana hefur því verið haldið fram að markmiðið með því lækka þessi framlög sé að verja grunnþjónustu skólanna.

Staðreyndirnar eru aðrar þegar grannt er skoðað. Engin áform eru um að leiðrétta þær skekkjur sem hafa verið árum saman í forsendum menntamálaráðuneytis fyrir rekstarfé til skólanna vegna aukins nemendafjölda, fleiri verkefna og launakostnaðar þeirra.

Beinn niðurskurður á fjárframlögum til skólanna árin 2008 til 2012 nam 7 milljörðum miðað við framreiknað framlag ársins 2007 á verðlagi 2012. Þegar mikil fjölgun nemenda í skólunum er tekin með í reikninginn og framlag á ársnemenda árið 2007 er framreiknað á verðlagi 2012 þá er hagræðingin í skólunum varlega áætluð um 12 milljarðar. Menntamálaráðuneytið hefur ekki véfengt þessar tölur.

Á einu mesta „góðæristímabili“ Íslandssögunnar árin fyrir hrunið var gengið hart að framhaldsskólum með kröfum um aðhald og sparnað í rekstri. Reiknilíkan um rekstur framhaldsskóla var notað til að skipta allt of litlu fé milli þeirra. Neðangreind mynd byggir á tölum frá menntamálaráðuneyti og sýnir að svokölluð launastika sem kom inn í líkanið árið 2003 var á árinu 2012 um 85 þúsund krónum eða um 24% undir meðaldagvinnulaunum skólanna.



Vaxandi bil milli launa og launastiku hefur haft alvarleg áhrif í skólunum en laun eru 80% af útgjöldum þeirra. Afleiðingarnar eru fábreyttara námsframboð, minni stoðþjónusta við nemendur, sístækkandi námshópar og hríðversnandi skilyrði fyrir nám og kennslu.

Eina framtíðarsýn nýrrar ríkisstjórnar í fjárlagafrumvarpinu 2014 til handa framhaldsskólum landsins eru markmið um að stytta námstíma og auka skilvirkni. Í ljósi þess að útgjöld á hvern framhaldsskólanemanda hér á landi eru miklu lægri en í samanburðarlöndum OECD skilur hvert mannsbarn að hin umrædda skilvirkni er hér aðeins feluorð um áframhaldandi niðurskurð í rekstri framhaldsskólans.

Stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir harðlega það metnaðarleysi í málefnum framhaldsskólans sem birtist í fjárlagafrumvarpinu. Ljóst er að rekstur skólanna, sem fyrir var afar erfiður, mun þyngjast enn frekar, verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Fjárframlög verða áfram í engu samræmi við fjölda nemenda og verkefni skólanna og langt undir raunverulegum launakostnaði þeirra.

Stjórn Félags framhaldsskólakennara skorar á Alþingi að rétta hlut framhaldsskólanna og gera þeim mögulegt að rækja lögbundnar skyldur sínar.

Reykjavík 30. október 2013

Fyrir hönd stjórnar Félags framhaldsskólakennara,

Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður